



# MYND2VL05 og MYND3VL05

## Kennsluáætlun – haustönn 2016

Fjölbrautaskóli Suðurlands

---

### Kennarar áfangans:

Ágústa Ragnarsdóttir (ARA), [agusta@fsu.is](mailto:agusta@fsu.is) / [agustaragnarsdottir@gmail.com](mailto:agustaragnarsdottir@gmail.com)

Elísabet Helga Harðardóttir (EH), [elisahelga@gmail.com](mailto:elisahelga@gmail.com)

### Áfangalýsing:

Í áfanganum munu nemendur fá að skreyta vegg utandyra. Verkefnið krefst góðs undirbúnings í formi hugmyndavinnu og skissugerðar og að geta nýtt sé leikni í hlutföllum og rúðustækkunum. Málað verður á vegginn. Á þessari önn verður seinni hlutinn tekinn fyrir en veggurinn sem um ræðir snýr að bílastæði FSu og markar skil á milli íþróttasvæðis og FSu. Sveitarfélagið Árborg veitti leyfi til þess að veggurinn færi undir verkefnið og skilgreindi þema en það er Bókabæirnir austanfjalls.

### Markmið áfangans:

#### Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- muninum á veggjakroti og veggjalist.
- mikilvægi á góðri undirbúningsvinnu.
- mikilvægi þess að fá samþykki frá viðeigandi aðila fyrir verkum sem þessum.
- mikilvægi listar í umhverfinu.
- að verkið krefst skipulagningar, öll efni og áhöld þurfa að vera til staðar á vinnusvæðinu
- vinnan er háð veðri og allt eins líklegt að hún fari fram utan skólatíma
- að verk sem þetta eru komin til að vera og fyrir allra augum.

#### Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- umræðu varðandi þema og komast að sameiginlegri niðurstöðu í uppsetningu verks.
- undirbúningsvinnubrögðum fyrir verk af þessari stærðargráðu með skissu- og hugmyndavinnu.
- mikilvægi þess að skissan sé vel unnin svo eftirleikurinn verði viðráðanlegri.
- að búa til skapalón sem og nýta sér rúðustækkun.
- að undirbúa vinnuna utandyra með tilliti til efnis og áhalda
- að mála endanlegt verk á viðkomandi vegg í viðunandi útliti sem allir geta sætt sig við.

#### Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- gera sér grein fyrir því að það krefst vinnu og samtalsferlis að útvega sér vegg að vinna á.
- vinna veggjalist í góðu samstarfi við alla sem að verkinu koma

- vinna allt frá hugmyndavinnu og að endanlegu verki.
- Gera sér grein fyrir mikilvægi þess að ljúka verkinu innan áætlaðs tíma.

### **Kennslugögn**

- Fyrirlestrar, innlögn, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur. Nemendur þurfa sjálfir að mæta með blýanta og strokleður.

### **Kröfur og verkefnaskil**

- Nemendur útbúa litlar möppur strax í byrjun annar fyrir skissur sínar.
- Áfanginn er próflaus símats- og leiðsagnarmats áfangi þar sem öll vegferðin (áhugi, vinnusemi, sjálfstæð vinnubrögð, mæting, samvinna, hugmyndavinna o.fl.) er metin auk endanlegrar niðurstöðu. Mikilvægt að ljúka verkinu - öðruvísi verður áfanginn ekki staðinn. Gerð er krafa um fullunna skissu ekki seinna en í lok sept.

### **Efnisgjald**

- Efnisgjald í áfanganum er 6500 kr og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst eða síðasta lagi fyrir 1. sept. 2016.

### **Annað**

- Fyrsti hluti annarinnar verður einkum inni en seinna verður farið út að vinna vegginn og verðum við að vonast eftir því að veðurguðirnir verði okkur hliðhollir. Þegar útiveran kemur inn í myndina verða nemendur að vera klæddir svo þeir þoli útivist við lítið hitastig!
- Tímaáætlun áfanganna er miðuð út frá því að fullunnin skissa sé til staðar ekki seinna en í lok september. Því koma þarf öllum verkefnum nemenda sem einstaklingsverkefnum heim og saman í heildstætt verk.
- Tölvur og símar leyfðir í tímum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.
- Nemendur á þriðja þrepi fá sömu áætlun og byrjendur en ætlast er til meira sjálfstæðis og stuðnings frá þeim við vinnuna.
- Kennsluáætlun gerð með fyrirvara um breytingar.